

# FJARÐAR pósturinn

Hafnafirskt  
fyrir  
Hafnafirðinga

47. tbl. 21. árg. 2002

Fimmtudagur 5. desember

Upplag 7.500 eintök. Dreift frítt í Hafnarfirði



www.sph.is

## Fjárhags áætlun lögð fram

### Niðurskurður á mörgum sviðum

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2003 var lögð fyrir aukafund bæjarstjórnar á þriðjudaginn. Ljóst var að taka þurfti til hendinni og undirbúinn hafði verið niðurskurður á um 300 millj. kr. útgjöldum.

Skv. áætluninni er gert ráð fyrir að rekstrarútkoma Hafnarfjarðarbæjar í heild verði jákvæð um 550 millj. kr. fyrir fjármagnsliði sem er tvöfalt betra en í ár. Gert er ráð fyrir að langtímaskuldir verði lækkaðar um 100 milljónir.

Lægri fjárhæð verður varið í gangstéttir og gangstíga, niðurgreiðslum til foreldra barna á biðlistum verður hætt, leikskólagjöld hækka um 11-15%, hófleg hækkan verður á þjónustu heimaþjónustunnar og matarverð í mötuneyti aldraðra hækkar um 25% úr 400 í 500 kr. Dregið verður úr rekstri listamiðstöðvarinnar í Straumi. Vinna unglinga í vinnuskóla styttest um eina viku. Búið er við sparnaði vegna endurskoðunar styrkja til íþróttafélaga, skólagjöld hækka um 10% í Tónlistarskólanum.

Stærstu framkvæmdaliðirnir eru stækkun Vífstaðaskóla, bygging leikskóla við Haukakraun og stækkun annarra leikskóla.

Greinargerð með fjárhagsáætluninni má lesa í heild sinni á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar þó sjálfa fjárhagsáætlunina vanti.

## Landfyllingar framan við Fjarðargötu ekki tímabærar

Miðbæjarnefnd vill fremur þetta byggð og efla miðbæinn

Miðbæjarnefnd fékk til umsagnar erindi skipulags- og byggingaráðs þar sem óskað var eftir umsögn að tillögum Norðurbakka ehf. að breytingu á uppbyggingu Norðurbakka.

Miðbæjarnefnd telur að miðbæjarsvæðið muni styrkjast umtalsvert við framkvæmdir í líkingu við þær sem nefndar hafa

verið. Heildaruppbygging svæðisins, bæði á Norðurbakka og á fyrirhugaðri landfyllingu fyrir framan verslunarhúsið Fjörð muni vafalítið koma til með að efla umsvif og mannlíf í miðbæ Hafnarfjarðar.

Miðbæjarnefndin telur þó ekki tímabært að ráðast í kostnaðarsamar landfyllingar eins og sakir

standa, þar sem ekki verður séð að útlagðir fjármunir muni skila sér í bæjarsjóð fyrr en seint og um síðir. Miðbæjarnefnd telur mikilvægara að efla miðbæinn með þéttingu byggðar á vannýttum lóðum sem úthluta má án verulegs tilkostnaðar.



Þó það geti verið fallett við Strandgötuna þá er hún fremur tómleg og mörg stór göt í henni. Miðbæjarnefndin telur rétt að vinna að því að fjölga verslunum og þjónustuaðilum við Strandgötuna áður en hafist verður handa við kostnaðarsama uppfyllingu framan við Fjarðargötu.



GULLSMIÐJAN

Guðvín Þjarnadóttir  
Gullsmíðar

LÆKJARGATA 34C • HAFNARFIRÐI  
SÍMI 565 4453

## Jólagjafa handbók í næstu viku

Að venju verður jólagjafahandbók með Fjarðarpóstinum í næstu viku. Auglýsendur eru hvattir til að panta auglýsingar tímanlega en veittur er mjög góður jólaafsláttur. Jólابلað Fjarðarpóstsins kemur út 19. desember og verður efni sérstaklega veglegt í tilefni jóla. Bæjarbúar eru hvattir til að senda inn efni sem hæfir í slíkt jólابلað.

Verslum í heimabyggð!

# Opið allar helgar kl. 10-20

Samkaup Hafnarfirði

Heimasíða Samkaupa er: [www.samkaup.is](http://www.samkaup.is)

## SAMKAUP

...gæði og ferskleiki!





# FJARDAR posturinn

Útgefandi: Keilir ehf.

Fjarðarpósturinn, Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði  
Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, ritstjorn@fjardarposturinn.is  
Ritstjóri og ábm.: Guðni Gíslason  
Auglýsingar: 565 3066, auglysingar@fjardarposturinn.is

Umbrot: Hönnunarhúsið, umbrot@fjardarposturinn.is

Prentun: Steinmark ehf.

Dreifing: Íslandspóstur

www.fjardarposturinn.is

## Leiðarinn



Pau eru ekki langlíf kosningaloforðin ef marka má tillögu í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar þar sem gert er ráð fyrir að hætta niðurgreiðslum til foreldra barna á biðlistum eftir leikskólaplássi. Ekki er gert ráð fyrir að nægilegt framboð á leikskólaplássi verði frá sama tíma og því verður foreldrum mismunað eftir því hvort þeir komist með börn sín inn á leikskóla eða ekki.

Halda menn virkilega að minni bæjarbúa sé svona lélegt? Ekki ætti að vera þörf á að leggja þessar niðurgreiðslur niður ef ástandið á leikskólamálu er að batna, þær yrðu sjálfhættar og nægilegt að gera ráð fyrir að útgjöld lækki án þess að hætta niðurgreiðslum sem bitnar á þeim sem síðastir fá leikskólapláss.

Barnafjölskyldur hafa ekki notið neinna fríðinda stjórnvalda og í raun er þeim íþyngt frekar en hitt. Eignaskattar og fasteignagjöld af íbúðarhúsnæði er óháð fjölskylduáætlun og nokkuð ljóst að tekjur heimilisins aukast ekki við það eitt að eiga börn. Krafa er um góðan aðbúnað barna og þar af leiðandi stærri hús eftir því sem börnin eru fleiri.

Það hlýtur að vera sanngirniskrafa að hver einstaklingur hafi persónuafslátt óháð aldri sem foreldrar geti nýtt og mið sé tekið af fjölskyldustærð við álagningu eignarskatta. Vildi maður fremur sjá slíkar aðgerðir en niðurfellingu niðurgreiðslna. Auðvitað ber að þakka niðurgreiðslur á æfingagjöldum barna 10 ára og yngri og þær orka einnig tvímælis og verða sennilega til að hækka gjöldin og spurning hvort ekki væri arðbæarara að nota fjármunina öðruvísi.

Guðni Gíslason (6 drengja faðir)

Kaffi Lækur

### Við bjóðum:

- Fish and chips
- Danskt smurbrauð
- Tilboð á öli
- Lifandi tónlist

**OPIÐ**

mánud. - föstud.

15 - 23.30

laugard. - sunnud.

11 - 01

Lækjargötu 30 – sími 554 4000

## Víðistaðakirkja

Sunnudaginn 8. desember:

Barnaguðspjónusta kl. 11

Guðspjónusta kl. 14

Kirkjukór Víðistaðasóknar syngur

undir stjórn Úlriks Ólasonar

Prestur: Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir

Kyrrðarstundir á miðvikudögum kl. 12



Allir velkomnir,  
Sóknarprestur

## Menning & mannlíf

### Jólafundur Sálarrannsóknarfélagins

Í Hafnarfirði verður haldinn í kvöld **fimmtudag kl. 20.30** í Góðtemplarahúsinu. Á fundinum mun sr. Þórhallur Heimisson flytja erindi sem hann nefnir Islam - Múhamedstrú og Vesturlönd í ljósi atburða líðandi stundar. Kór Óldutúnskóla syngur undir stjórn Egils Friðleifssonar. Snorri Jónsson fyrrverandi formaður félagsins minnst Eiríks Pálssonar sem andaðist síðastliðið vor. Eiríkur átti sæti í stjórn félagsins frá stofnun þess. Hanna Eiríksdóttir les.

Boðið verður upp á kaffiveitingar. Félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins velkomnir. Aðgangur ókeypis.

### Framtíð Landbúnaðar á Íslandi.

Félag ungra framsóknarmanna í Hafnarfirði heldur opinn fund um landbúnaðarmál, í kvöld **fimmtudag klukkan 20** í framsóknarheimilinu Dalshrauni 5 Hafnarfirði. Gestur fundarsins er Sveinbjörn Eyjólfsson aðstoðarmaður landbúnaðarráðgjafa. Allir velkomnir.

### Afmælistónleikar Sparisjóðsins

Í tilefni af 100 ára Sparisjóðs Hafnarfjarðar er boðið til veislu í Kaplakrika kl. 14 á laugardaginn:

Karлакórin Þrestir ásamt Björgvín Halldórssyni, Sigrún „Diddú“ Hjálmtýsdóttir, Óldutúnskórin, Kvennakór Hafnarfjarðar, Trío Björns Thoroddsen, Borgardætur, Kristján Jóhannsson tenór, Kvintett Kristjönu Stefánsdóttur, Laddi með létt grín, Hljómsveitin BSG, Bubbi Morthens, Sálín.

Kynnir: Guðrún Gunnarsdóttir

### Mávahlátur í Bæjarbíói

Á laugardaginn efnir Kvikmyndasafn Íslands til sýningar á kvikmynd Ágústs Guðmundssonar, Mávahlátri. Myndin sem er að mestu tekin í Hafnarfirði, á Austurgötunni og nágrenni, hlaut fádæma góðar undirtektir áhorfenda og tugþúsundir bíógesta sáu hana á almennum sýningum kvikmyndahúsanna. Nú gefst bæjarbúum aftur tækifæri til þess að sjá myndina á laugardaginn kl. 16. Þess má svo til gamans geta að nú sýnir Kvikmyndasafnið stutta, gamla filmubúta í upphafi sýninga. Í þetta skipti verður sýnt myndbrot frá árinu 1920, tekið í Hafnarfirði af Bíó-Petersen. Miðaverð er kr. 500,- og er hægt að nálgast miða í forsölu á Kvikmyndasafni Íslands, sími 5655993 eða á kaffihúsinu Súfístanum. Miðasala opnar í Bæjarbíói hálf tíma fyrir sýningu.

### Upplestur og jass á Súfístanum

Miðvikudaginn 11. des. kl. 21 verður mikið fjör í Súfístanum því glæpa- og spennusagnahöfundarnir Ævar Örn Jóseppson og Páll Kristinn Pálsson koma og lesa úr verkum sínum. Steindór J. Erlingsson höfundur bókarinnar Genin okkar verður einnig með kynningu á þessari margumtöluðu bók. Auk þessara listamanna kemur einnig jassarinn góðkunnir Tómas R. Einarsson með sexmanna hljómsveit sína og leikur lög af nýjútönnu disk sínu Kúbanska. Kynnir kvöldsins er Brynhildur Björnsdóttir kynningarfulltrúi Eddu miðlunar.

### Jólatónleikar í Tónlistarskólanum

Í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar verða fjölmargir áhugaverðir jólatónleikar nú í desember. Fyrst ber að nefna jólatónleika og jólaball hjá forskólanum sem haldin verða 9. og 10. des. kl. 18. Þar leika og syngja nemendur forskólans, en síðan er slegið upp jólaballi, þar sem kennarahljómsveitin leikur fyrir dansi og jólasveininn kemur í heimsókn.

Miðvikudaginn 11. des. kl. 18 eru jólatónleikar grunndeildar og um kvöldið kl. 20 verða síðan jólatónleikar miðdeildar.

Fimmtudaginn 12. des. kl. 20 eru jólatónleikar framhaldsdeildar þar sem fram koma nemendur sem lengst eru komnir í námi. Á öllum tónleikunum verður fjölbreytt efnisskrá með einleik, samspili og söng.

Tónleikar Tónlistarskóla Hafnarfjarðar eru haldnir í Hásölum og allir hjartanlega velkomnir, aðgangur er ókeypis.

### Jólin okkar í Kaffistofu Hafnarborgar

30. nóvember til 22. desember

Sýning á frummyndum Brians Pilkingtons úr bókinni Jólin okkar Texti bókarinnar er úr kveri Jóhannesar úr Kötlu, Jólin koma.

### Veggjakrot í miðbænum

Veggjakrotskeppnin sem átti að vera í portinu þar sem Hafnarfjarðarbíói var verður haldin á laugardaginn 7. desember milli kl. 13 og 14 undir dúndrandi tónlist.

## Úr fundargerðum...

Það vakti athygli að Sigurður Þorvarðarson vék 5 sinnum af fundi skipulags- og byggingarráðs vegna tengsla við framlögð mál.

### 1. Reykjavíkurvegur 54, Sjálfsafgreiðsla þvottastöð fyrir bíla Mál nr. BN990966

Sótt er um leyfi til að byggja sjálfsafgreiðslu þvottastöð fyrir bíla. Þar sem fyrirliggjandi erindi er í samræmi við áður gerða grenndarkynningu samþykkir skipulags- og byggingarráð að heimila byggngarfulltrúa að afgreiða erindið.

### 15. Ísal - mat á umhverfisáhrifum, leiðréttur úrskurður Skipulagsstofnunar Mál nr. SB020144

Lagður fram leiðréttur úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 26. júlí 2002 með leiðréttingum dags. 28. október 2002 sem gerð er grein fyrir í viðauka við 5. kafla úrskurðarins. Leiðréttingin er komin til vegna þess að Skipulagsstofnun er orðið ljóst að „svæði takmarkaðrar abyrgðar“ frá 1966 er ekki það sama og „þynningar-svæði“ í staðfestu aðalskipulagi. Leiðréttingin veldur orðalagsbreytingu í 2. skilyrði í 6. kafla úrskurðarins m.t.t. mælinga á flúormengun. Haldinn verður sameiginlegur vinnufundur skipulags- og byggingarráðs og umhverfisnefndar/Staðardagskrár 21. fimmtudaginn 12. desember n.k. vegna málsins.

### 18. Lækjargata - Rafhareitur, deiliskipulag Mál nr. SN010067

Teknar fyrir að nýju tillögur Batterisins af breyttu deiliskipulagi Rafhareits dags. 3. okt. 2002., tillögur merktar A, H og I sem kynntar voru á íbúafundi 21. október s.l. Erindi var einnig til umfjöllunar á fundum þann 8. og 14. október s.l. ásamt þeim athugasemdum sem komu fram á kynningarfundum í Hafnarborg 21. okt. s.l. Frestað á fundi skipulags- og byggingarráðs 22. 10. s.l. Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 5. 11. s.l. var lagt til að tillaga H yrði lögð til afgreiðslu og var bæjarskipulagi fallið að oska eftir túlkun Skipulagsstofnunar á umfangi breytinga gagnvart ákvæðum skipulags- og byggingarlaga.

Lagðar voru fram nýjar tillögur 19.11. s.l., K og L dags. 13.11.2002. Lagt fram svar Skipulagsstofnunar dags. 21. nóvember s.l. þar sem Skipulagsstofnun telur að þó ekki sé um grundvallarbreytingu á deiliskipulaginu að ræða þá séu breytingar frá auglýstri tillögu orðnar það margþættar að rétt sé að auglýsa deiliskipulagið að nýju.

Frestað á fundi skipulags- og byggingarráðs 19. nóv. og 25. nóv. s.l. Lögð fram samtekt um gatnagerðar- og fasteignagjöld. Skipulags- og byggingarráð óskar eftir framkvæmdaáætlun vegna fyrirliggjandi byggingarhugmynda auk staðfestingu á fjármögnun framkvæmda. Einnig staðfestingu meðlöhafara, Páls Pálssonar ehf og Hitaveitu Suðurnesja hf, um að fyrirliggjandi skipulagshugmyndir merktar K og L sem byggja á 89 íbúðum hafi verið kynntar þeim.

# Tilvistarkreppa í Hafnarfirði

Arndís Einarsdóttir, heimilislaus skrifar og er óhress með félagsþjónustuna:

Mig langar til að láta nokkur orð falla um reynslu mína síðastliðin 2 ár, en þá var ég í leiguhúsnæði hjá bænum eða félagsmálastofnun Hafnarfjarðarbæjar.

Til að byrja með gekk allt vel, dóttir mín bjó hjá mér og borgaði hún helming leigunnar á móti mér og ég þurfti að vinna lágmark 12 til 16-18 tíma á sólarhring til að láta enda ná saman og hef alla tíð unnið mikið til að geta greitt skuldir mínar, en dóttir mín flutti og fór að búa. Það fór smám saman að halla undan fæti, ég gat ekki lengur borgað 53.000 krónur í leigu, þannig að upp safnaðist skuld. Ég flutti úr íbúðinni, og setti son minn nánast á götuna 17 ára gamlan, eða lét það honum eftir að sjá sér fyrir húsnæði og fleira, en það er allt önnur saga.

En ég fékk húsnæði og vinnu í nágrenni Hafnarfjarðar og af einhverjum ástæðum, flutti ég aldrei lögheimili mitt, en ætlunin var alltaf sú að koma aftur, þegar ég væri búin að laga fjármálin, en skuldin við húsnæðisnefnd varð eftir. Áður en ég fór úr íbúðinni, fór ég og talaði við einhvern sem ég man því miður ekki hver var, en viðkomandi sagði mér að hafa ekki áhyggjur af þessari skuld, ég væri að gera það sem gera þyrfti, að koma mínum málum í lag, og eftir það fæ ég hvorki reikning, áminningu eða neina ítrekun um þessa skuld mína og hef aldrei fengið. Aftur fór að halla undan fæti, ég fór að missa heilsuna og núna rímu ári seinna er ég 75% öryrki.

Ég þurfti að hætta að vinna og missti um leið húsnæðið sem fylgdi vinnunni, og aftur þurfti ég að taka til í fjármálunum, semja um skuldir mína til ennþá lengri tíma í Búnaðarbankanum svo ég

gæti borgað af þeim, það fékkst í gegn, en samt var mér tjáð það af starfsmanni þar, að bankinn væri að gera mér mikinn greiða. Ég þurfti samt að borga fyrir þennan stóra greiða og búin að eiga viðskipti við sama bankann í 27 ár.

Að missa heilsuna er svo sannarlega ekkert grín, þrautarganga á milli lækna og rannsókna og vera heimilislaus í ofanálag. Ég fór og talaði við félagsráðgjafa til að sækja um húsnæði en ég mátti ekki einu sinni sækja um vegna þess að ég var skráð með skuld í tölvunni, var bent á að tala við fjármálastjóra eða einhvern sem hefði með þetta að gera. Vil ég taka fram að mínum sjúkdómi fylgir gífurlegt þunglyndi og hræðsla við allt og alla og oft hvarflar það að mér að best væri að ljúka sinni tilvist á þessari jörð. En ég taldi í mig talsverðan kjark og fór til fjármálastjóra en hann nánast sagði sér ekki koma þetta við og bentu mér að tala við mann sem vinnur hjá húsnæðisnefnd og Guðbjörn heitir og áfram hélt þíslargangan. Ég sagði Guðbirni erindi mitt, en svarið frá honum var að hann gæti ekkert gert fyrir mig. Þá spurði ég hann, hvað ég ætti til bragðs að taka, heimilislaus, á vergangi milli vina og ættingja, þá yppti Guðbjörn öxlum og sagðist ekki vita það.

En að lokum langar mig til að minna félagsmálastofnun, fjármálastjóra og síðast en ekki síst Guðbjörn hjá húsnæðisnefnd á Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga frá 27. mars 1991, nr. 40.

I. kafli. Markmið laganna.  
1. grein. Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjárpar, það skal gert með því:

a. að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti.

IV. kafli. Almenn ákvæði um rétt til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga.

12. grein. Sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum, og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum.

Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin, að bæta úr vanda og koma í veg fyrir, að einstaklingar og fjölskyldur, komist í þá aðstöðu, að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

XII. kafli. Húsnæðismál.

45. grein. Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, að tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eda félagslegum eignaríbúðum, handa

þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði, sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

46. grein. Félagsmálanefndir skulu sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru færir til þess sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum, til að leysa úr bráðum vanda, á meðan unnið er að varanlegri lausn.

Þessi og fleiri réttindi eru skráð í lagasafni 1999 og þar sem mér skilst að húsnæðisnefnd sé félagsmálanefnd þá finnst mér það góð spurning hvort starfsmenn eða maður, sé með menntun og réttindi til að starfa í þeirri nefnd.

## DESEMBER TÓNLEIKAR 2002



**KARLAKÓRINN ÞRETIK  
LÚÐRASVEIT HAFNARFJARÐAR  
SIGURÐUR SKAGFJÖRD  
KÓR ELDRI ÞRASTA**



**VÍÐISTAÐAKIRKJU  
SUNNUDAGINN 8. DESEMBER  
KL. 20:00.**

**Athugið:**  
Aðeins einir tónleikar fyrir þessi jól.  
Miðaverð kr. 1.500



**KARLAKÓRINN  
ÞRETIK**



**FJÖRUKRÁIN**

## Fjaran

Hádegisverðartilboð  
**990 kr.**

3ja rétta kvöldverður  
**1950 kr.**

*Í einu elsta húsi  
bæjarins*

## Fjörugarðurinn

Víkingaveislur  
alla daga og dansleikir  
allar helgar.

Um helgina spila Hilmar  
Sverrisson og Ari  
Jónsson.

*Munið  
Jólahlaðborðið!*

## Sameining felld

Sameining iðnfélaga sem sagt var frá í síðasta blaði var felld í allsherjaratkvæðagreiðslu. Félagsmenn Félags byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði samþykktu sameininguna með 86% atkvæða en félagar í Trésmiðafélagi Reykjavíkur felldu hana hins vegar með 60% atkvæða en skilyrði var að stærstu félögin TR og Bíliðnafélagið/Félag blikksmiða samþykktu sameininguna. Öll önnur félög samþykktu sameiningu með miklum meirihluta.

Óvist er hvað gert verður í stöðunni þar sem aðrir möguleikar hafa ekki verið ræddir.

Félag byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði er ekki lengur stórt félag og því mjög hagkvæmt fyrir það að sameinast öðrum til að tryggja góða þjónustu við félagsmenn.

## Leiðrétting

Rangt var farið með föðumafn Katrínar starfsmanns Félags byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði en hún er Ingvarsdóttir. Er bedið velvirðingar á mistökunum.

### Búslóðaflutningar

Tek að mér alla almenna flutninga

**893 2190**



**Benni Ben. - 893 2190**

## Jóla ljósín í Hafnarfjarðarkirkjugarði

Ljósín verða afgreidd frá og með sunnudeginum 15. desember til og með mánudeginum 23. desember

### Opið frá kl 13 - 19 alla daga

Vinsamlega athugið að ekki er hægt að greiða með debet eða kredit kortum

### Lokað aðfangadag



Ingibjörg Jónsdóttir  
Sími: 555 4004



## Fríkirkjan - Aðventukvöld

Á sunnudagskvöldið, 8. desember verður aðventukvöld Fríkirkjunnar og hefst dagskrá kl. 20.30.

Sérstakir gestir kvöldvökkunnar eru Kór Öldutúnskóla sem syngur undir stjórn Egils Friðleifssonar.

Að venju verður flutt falleg dagskrá í tali og tónum og m.a. munu unglingar í æskulýðsstarfi kirkjunnar flytja dagskrá.

Að lokinni kvöldvöku verður svo boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur í safnaðarheimilinu.



# Tónlistarskólanum færð höfðinglega gjöf

Jón Fr. Möller gefur skólanum safn geisladiska

Á dögunum færði Jón Fr. Möller tónlistarmaður Tónlistarskóla Hafnarfjarðar höfðinglega gjöf "The Classical Collection" sem er 105 geisladiska safn með yfir 300 tónverkum.



Diskunum hefur verið haganlega fyrir komið og þeir skráðir í bókasafni tónlistarskólans.

Safnið inniheldur helstu perlu tónbókmenntanna frá barokktímabilinu til Gustavs Mahler, sem lést snemma á 20. öldinni. Hver hljómdiskur sem er rúmlega klukkustundar langur hefur



að geyma tónlist ákveðins tónskálds. Með hverjum disk fylgir vandað 18 bls. hefti þar sem fjallað er um tíðarandann og æfistögu tónskáldsins og eins er í heftinu nótasýnishorn af einu verki og upplýsingar um fleiri verk höfundar. Í hverju hefti er einnig fjallað um eitt hljóðfæri og því vandlega lýst. Heftin eru jafnmörg og diskarnir eða 105 í sjö möppum með aðgengilegu og tæmandi efnisyfirliti.

Þetta safn er kennurum og nemendum Tónlistarskólans mikill fengur og þakkar skólinn Jóni innilega fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

Jón Fr. Möller er kunnur tónlistarmaður, hefur spilað með flestum þekktustu danshljómsveitum síðustu aldar. Nú spilar hann oftast einn og hefur m.a. spilað í næsta húsi við Tónlistarskólann, Fjörukránni.

**Fyrsti jólasveinninn hann Stekkjastaur kemur til byggða 11. desember**

## Verslum í Hafnarfirði!

Við Strandgötuna — 3. hluti

**FJARDAR**  
pósturinn  
www.fjardarposturinn.is  
Allar auglýsingar líka í netútgáfunni!



Íslandspóstur Strandgötu 24  
Allar almennar póstsendingar



Koffortíð Strandgötu 21  
Föndurvörur í miklu úrvali



Sigga & Timo Strandgötu 19  
Sersmíðaðir skartgripir



Hárstofa Körlu Strandgötu 19  
Setur hárið í sparibúning



Draumabörn Strandgötu 17  
Barnaföt í úrvali



Sparisjóður Hafnarfjarðar  
Hefur þjónað bæjarbúum í 100 ár



Kaffi Fjörður/Leikhúsið Strandg. 11  
Háspennu spilasalur og kaffihús



Outlet Strandgötu 11  
Örlítið eldri tiskuvörur á lágmarksverði



Súfistinn Strandgötu 9  
Úrvals kaffi og meðlæti



Bókasafn Hafnarfjarðar  
Þar færðu lánaðar bækur og tónlist

 **Læknatorg**

**Ingólfur Einarsson, barnalæknir:**

Hef opnað læknastofu í miðbæ Garðabæjar, Garðatorgi 7. Tímápanantirir alla virka daga frá kl. 8 til kl. 16 í síma 517 7700. Viðtalstími: Alla mánudaga, eftir hádegi miðviku- og fimmtudaga.



**Áslaug Óskarsdóttir, tannlæknir:**

Komin aftur til starfa á tannlæknastofu mína að Garðatorgi 7. Tímápentun alla virka daga frá 8 til 16 í síma 565 9080



## Bókasafnið fær viðurkenningu

Greiður aðgangur fatlaðra er tryggður í Bókasafni Hafnarfjarðar þrátt fyrir að safnið sé á mörgum hæðum. Á þriðjudag fékk bókasafnið viðurkenningu Sjálfsbjargar fyrir gott aðgengi fatlaðra.

Fyrirhugað var að afhendingin færi fram í bókasafninu en var flutt í húsakynni Sjálfsbjargar. Á meðan var steinsmiður sveittur við að gera fláa á gangstéttarkantinn til að gera aðgengi fatlaðra betra en hann var kallaður til með stuttum fyrirvara!





argus-ph - 02-0235

Í tilefni aldarafmælisins býður Sparisjóður Hafnarfjarðar til glæsilegrar **TÓNLEIKAVEISLU** í Kaplakrika, sunnudaginn **8. desember**. Þar koma fram margir af þekktustu tónlistarmönnum landsins. Tónleikarnir hefjast kl. 14:00 og standa til kl. 17:15 með stuttu hléi.

**DAGSKRÁ:**

Húsið opnað kl: 13:00. Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur. Trúðar og furðuverur frá Götuleikhúsinu fara á kreik utan húss og innan.

**FRAM KOMA:**

Karلاكórinn Prestir ásamt Björgvin Halldórssyni • Sigrún „Diddú” Hjamtýsdóttir Öldutúnskórinn • Kvennakór Hafnarfjarðar • Trió Björns Thoroddsen • Borgardætur

**HLÉ**

Kristján Jóhannsson tenor • Kvintett Kristjönu Stefánsdóttur Laddi með létt grín • Hljómsveitin BSG • Bubbi Morthens • Sálin Guðrún Gunnarsdóttir

**KYNNIR:**

Kristján Jóhannsson



Diddú



Sálin



Borgardætur



Björgvin Halldórsson



Bubbi

\*Meðan húsrúm leyfir

1902-2002  
**sph**   
**100** ára

SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR



# D-listi samþykktur

Fimm Hafnfirðingar á listanum

Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi var samþykktur á kjördæmisþingi flokksins í Valhöll á laugardag. Eftirtaldir skipa listann:

1. Arni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra Hafnarfirði.
2. Gunnar I. Birgisson alþingismaður Kópavogi.
3. Sigríður A. Þórðardóttir alþingismaður Mosfellsbæ
4. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir alþingismaður Hafnarfirði.
5. Bjarni Benediktsson lögfræðingur Garðabæ.
6. Sigurrós Þorgrímsdóttir stjórnmaðlafræðingur Kópavogi.
7. Þórdís Sigurðardóttir flugumferðarstjóri Seltjarnarnesi.
8. Bryndís Haraldsdóttir iðnrekstrarfræðingur Mosfellsbæ.
9. Hildur Ragnars lyfjafræðingur Bessastaðahreppi.
10. Almar Grímsson framkvæmdastjóri Hafnarfirði.

11. Sólveig Pálsdóttir bókasafnsfræðingur Seltjarnarnesi.
12. Pétur Stefánsson verkfræðingur Garðabæ.
13. Bjarki Sigurðsson rafvirki Mosfellsbæ.
14. Halldór Karl Högnason rafmagnsverkfræðingur Kópavogi.
15. Oddfríður Steinþórsdóttir leikskólustjóri Hafnarfirði.
16. Elín María Björnsdóttir kennari/þáttastjórnandi Garðabæ.
17. Gunnar Leó Helgason bóndi Kjós.
18. Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur Kópavogi.
19. Albert Már Steingrímsson verslunarmaður Hafnarfirði.
20. Nielsa Magnúsdóttir húsmóðir Bessastaðahreppi.
21. Þorgerður Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri Kópavogi.
22. Sigurgeir Sigurðsson fyrrv. bæjarstjóri Seltjarnarnesi.

## Á ekki drasl

Drasl í porti við gamla húsnaði Björgunarsveitarinnar er Björgunarsveitinni alveg óviðkomandi. Vildu forsvarsmenn sveitarinnar taka það fram til að fyrirbyggja misskilning.

## Skógræktarfélagið selur jólatré

Starfsmenn Skógræktarfélags Hafnarfjarðar hafa undanfarið staðið í ströngu við skógarhögg og verður með sölu á jólatrjá, aðallega stafafuru og greinum um næstu helgi 7.-8. des. og einnig 14.-15. des. frá kl. 10-16. Eins og áður verður heitt súkkulaði og smákökur í boði og fólk er hvatt til að ganga um skógin.

Að sögn Hólmfríðar Finnbogadóttur komu margir í skógin í fyrra og fengu sér hafnirsk jólatré.

## Niðurgreiðslum hætt!

Gert ráð fyrir að niðurgreiðslum til foreldra barna á biðlistum verði hætt 1. janúar 2003.

Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2003 kemur fram að áætlað er að hætta niðurgreiðslum til foreldra barna á biðlistum eftir leikskólaplássi frá 1. jan. 2003.

Lagt er til að fæðisgjald hækki úr 2.900 kr. í 3.200 kr. á mánuði og taki þessar breytingar gildi 1. janúar 2003.

### Lækjarskóli verði leikskóli

Rökin eru sögð að þetta hafi verið bráðabirgðaúrreði sem aldrei var hugsað til langs tíma. Niðurgreiðslur eru nú vegna allra barna hjá dagforeldrum, sem var ekki áður. Áætlað er að þetta spari 12,3 millj. kr.

Ein þeirra leiða sem nú er í skoðun af hálfu bæjaryfirvalda er að nýta gamla Lækjarskólakólaskólustarfstöðu undir leikskólustarfstöðu frá næsta sumri, þegar almennt skólustarf flyst þaðan í nýbygginguna við Hörðuvelli. Langir biðlistar eru eftir leikskólaplássum og ekki fyrrsæð að úr rætist þrátt fyrir nýjan leikskóla við Haukahlönd og stækkanir á öðrum leikskólum.

### Gjöld hækka um 12-15%

Gert er ráð fyrir að almennt dvalargjald á leikskóla fyrir eina klst. á dag í heilan mánuð hækki úr 2.310 í 2.580 kr.

Jafnframt er til skoðunar undirbúningur að byggingu nýs leikskóla í Áslandshverfi.

Afsláttargjald (forgangsgjald) hækki úr 1.350 í 1.550 kr.

# Jólatónleikar í Tónlistarskólanum

Í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar verða fjölmargir áhugaverðir jólatónleikar nú í desember. Fyrst ber að nefna jólatónleika og jólaball hjá forskólanum, sem haldin verða mánudag og þriðjudag 9. og 10. des. kl.18. Þar leika og syngja nemendur forskólans, en síðan er slegið upp jólaballi, þar sem kennarahljómsveitin leikur fyrir dansi og jólasveinninn kemur í heimsókn.

Miðvikudaginn 11. des. kl.18 eru jólatónleikar grunndeildar og

um kvöldið kl. 20 verða síðan jólatónleikar miðdeildar.

Fimmtudaginn 12. des. kl. 20 eru jólatónleikar framhaldsdeildar þar sem fram koma nemendur sem lengst eru komnir í námi.

Á öllum tónleikum verður fjölbreytt efnisskrá með einleik, samspili og söng.

Tónleikar Tónlistarskóla Hafnarfjarðar eru haldnir í Hásölum og allir hjartanlega velkomnir, aðgangur er ókeypis.



## Týndur köttur

Þessi eins árs gamli, mannblendni köttur hefur verið týndur hér í Hafnarfirði síðan á sunnudag fyrir viku. Hann heitir Alex, er ekki með hálsól heldur er hann eyrnamerkur 02G194.

Ef þið vitið hvar hann er niðurkominn, vinsamlegast látið okkur vita í s. 864 1105 eða 892 2021.

# Syngjandi jóla Tónleikar í Hafnarborg

7. des. 2002 frá kl. 13-20.20

Söngveislan „Syngjandi jóla“ verður í Hafnarborg á laugardaginn þar sem 24 kóra og sönghópar - um 800 söngvarar munu gleðja gesti með söng sínum. Aðgangur er ókeypis og bæjarbúar eru hvattir til að koma og hlusta á. Egill Friðleifsson á heiðurinn af undirbúningi þessa viðburðar sem orðinn er árviss atburður.

- |             |   |
|-------------|---|
| 13.00-13.20 | Barnakórar frá Smáralundi og Álfasteini   |
| 13.20-13.40 | Kór Öldutúnsskóla                         |
| 13.40-14.00 | Skólakór Álfness, yngri og eldri deild    |
| 14.00-14.20 | Barnakórar frá Hlíðarbergi og Hörðuvöllum |
| 14.20-14.40 | Barna- og unglingakór Víðistaðakirkju     |
| 14.40-15.00 | Kór Setbergsskóla                         |
| 15.00-15.20 | Barnakór frá Víðivöllum                   |
| 15.20-15.40 | Barna- og unglingakór Hafnarfjarðarkirkju |
| 15.40-16.00 | Kór Hafnarfjarðarkirkju                   |
| 16.00-16.20 | Kór Engidalsskóla                         |
| 16.20-16.40 | Kór Flensborgarskóla                      |
| 16.40-17.00 | Kvennakór Hafnarfjarðar                   |
| 17.00-17.20 | Karlakór eldri Þrasta                     |
| 17.20-17.40 | Skátakórinn                               |
| 17.40-18.00 | Kór Frikirkjunnar í Hafnarfirði           |
| 18.00-18.20 | Kammerkór Hafnarfjarðar                   |
| 18.20-18.40 | Gaflarakórinn                             |
| 18.40-19.00 | Karlakórinn Þrestir                       |
| 19.00-19.20 | Þingeyingakórinn                          |
| 19.20-19.40 | Kór Víðistaðakirkju                       |
| 19.40-20.00 | Söngsveit Hafnarfjarðar                   |
| 20.00-20.20 | Sönghópurinn Október                      |

# Samfylkingin í SV-kjördæmi fyrst með framboðslista.

Fundur Kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi í Alþýðuhúsinu í sl. laugardag samþykkti einróma tillögu valnefndar um framboðslista til Alþingiskosninga næsta vor. Á listanum eru 11 konur og 11 karlar. Þetta var fyrsti framboðslistinn til Alþingiskosninga vorið 2003 sem samþykktur er. Tillaga valnefndar um efstu sæti listans var byggð á niðurstöðum flokksvals sem haldið var 9. nóvember þar sem þátt tóku tæplega 2000 félagar í Samfylkingunni búsettir í kjördæminu.

Í ávarpi sínu á fundi kjördæmisráðsins sagði Guðmundur Árni Stefánsson, oddviti listans: „Samfylkingarmenn í Suðvesturkjördæmi hafa nú hafið kosningabaráttuna það eru aðeins 160 dagar í kosningar. Við erum tilbúin og leggjum af stað með skýra stefnu og öflugan og samhentan lista. Stefna Samfylkingarinnar

nýtur sívaxandi fylgis meðal almennings. Með öflugri baráttu fram að kjördegi sköpum við möguleika á því að við völdum taki að kosningum loknum stjórn með jafnaðarmann innanborðs, sem setur hagsmuni hins almenna launþega í fyrirrúm.“

Þessir skipa listann:

1. Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður Hafnarfirði
2. Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður Kópavogi
3. Þórunn Sveinbjarnardóttir alþingismaður Garðabæ
4. Katrín Júlíusdóttir ráðgjafi Kópavogi
5. Ásgeir Friðgeirsson ritstjóri Kópavogi
6. Valdimar Leó Friðriksson framkvæmdastjóri Mosfellsbæ
7. Jón Kr. Óskarsson eftirlaunþegi Hafnarfirði
8. Sandra Franks ökukennari Bessastaðahreppi

9. Sonja B. Jónsdóttir dagskrárgerðarmaður Seltjarnarnesi
10. Steinþór Einarsson forstöðumaður ÍTR Garðabæ
11. Kolbrún Benediktsdóttir lagannemi Hafnarfirði
12. Dagbjört Hákonardóttir framhaldsskólanemi Kópavogi
13. Þorlákur Oddsson bifreiðastjóri Hafnarfirði
14. Sigrún Benediktsdóttir lögmaður Seltjarnarnesi
15. Steinn Ármann Magnússon leikari Hafnarfirði
16. Yr Gunnlaugsdóttir kaupmaður Kópavogi
17. Hulda Karen Ólafsdóttir sjúkraliði Hafnarfirði
18. Bjarni Sæmundsson fv. pípuhl. meistar Garðabæ
19. Halldór Björnsson varaforseti ASÍ Kópavogi
20. Flosi Eiríksson bæjarfulltrúi Kópavogi
21. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri Hafnarfirði

# Jólafondur í Setbergsskóla

Nemendur, foreldrar og systkini vinna saman



Jólafondur Setbergsskóla var haldið síðastliðinn laugardag. Jólafondrið er á vegum Foreldrafélags skólans og hefur verið árlegur viðburður fyrir foreldra og börn að koma saman og eiga notalega stund.

Að þessu sinni var boðið upp á nokkrar tegundir af föndri þar sem reynt var að uppfylla þarfir allra aldurshópa. Trékubbar frá Koffortinu nutu mikilla vinsælda en úr þeim voru búnir til glæsilegir jólasveinar.

Á meðan gestir sátu að föndri ómaði jólatónlist um vistarverur skólans og ilmur frá vöfllu-bakstri 10. bekinga sveif um gangana. Margir föndrarar notuðu tækifærið á meðan málningin var að þorna og gæddu sér á veitingum nemenda. Veitingasala 10. bekinga er hluti af fjáröflun þeirra til ferðar eftir samræmdu prófin næsta vor.

Hápunktur dagsins var þegar kór Setbergsskóla söng fyrir gesti undir stjórn Elísabetar Harðardóttur. Í kórnum eru nú rúmlega 100 börn sem öll sungu af mikilli snilld. Foreldrar og

kennarar skólans geta verið stoltir af þessum hóp eins og



reyndar öllum öðrum börnum í skólanum.

Kökubasar foreldrafélagsins gekk vel og er þökkum hér með komið á framfæri til allra bakara og kaupenda eins og segir í frétt frá Foreldrafélaginu.

Foreldrafélagið þakkar að lokum góða samveru á jólafondrinu. Auk þess er Byko og Íslandsbanka þakkað þeirra framlag til jólafondurs Setbergsskóla.



## Úr dagbók lögreglu

helgina 29. nóv. til 1. des. 2002

Helgin var með rólegasta móti í umdæmi lögreglunnar í Hafnarfirði, Garðabæ og Bessastaðahreppi. Lítið bar á ölvun og útköll vegna hávaða og annars, sem venjulega er fylgifyrirkenni ölvunar, voru fá.

Á laugardagskvöldið voru 3 piltar, 13-15 ára staðnir að innbroti í íbúarhús í Hafnarfirði. Málið telst að mestu upplýst.

Þrjú mál sem tengjast fíkniefnum komu til kasta lögreglu þessa helgi. Þar var haldlagt nokkurt magn fíkniefna.

Sjú umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglu þessa helgi. Á sunnudag varð bílvelta á Krýsuvíkurvegi þar sem ökumaður og farþegi í bifreið slösuðust lítilla og voru fluttir á Slysadeild. Þetta óhapp mátti rekja til hállu á veginum.

Tveir ökumenn voru kærðir vegna gruns um ölvun við akstur um helgina.

Mikill fjöldi ökutækja var stöðvaður við almennt umferðarefirlit lögreglunnar. Sem betur fer voru flestir með allt sitt á hreinu en þó voru 30 ökumenn kærðir vegna ýmissa umferðarlagabrota frá föstudegi til sunnudags.

# Verslun öll í Hafnarfirði - Jólagjöfin í ár

Gunnar Svavarsson framkvæmdastjóri Aðalskoðunar hf.



Já enn og aftur er komin aðventa, jóla-ljósinn spretta fram eins og þau hafi aldrei gert annað en að bíða eftir að þau yrðu dregin upp úr skúffum og kóssum. Auglýsingarnar verða eftirtektarverðari og það hellast yfir okkur öll, boð og kostir sem við eigum oftar en ekki erfitt með að velja úr. Fyrir verslunarfólk í flestum verslunum er komin vertíð. Vertíð í þeim skilningi að nú þarf að taka á móti öllum, nú skiptir miklu máli að geta boðið góða þjónustu, samkeppnin um væntanlega kaupendur er mikil. Nú lengist líka opnunartíminn og vinnudagurinn verður ennþá

lengri. Starfsfólk verslana er hinsvegar vel undirbúið því þau, líkt og við hin, vissu að jólin koma alltaf einu sinni á ári.

Fyrir verslun og verslunarmenn í Hafnarfirði er þessu ekki öðruvísi farið. Þessar sömu búðir sem allan ársins hring bjóða sérstaklega okkur Hafnarfirðingum, þjónustu og vörur skiptir þessi árstími miklu máli. Hér getur verið spurning um það hvort jólavertíðin nái að snúa rekstrartölum ársins í réttan farveg. Fyrir okkur Hafnarfirðinga skiptir einnig miklu máli að þjónusta sé í boði allan ársins hring. Undanfarin ár hef ég hvatt bæjarbúa til að snúa

kaupum sínum á jólagjöfum og annarri nauðsynjavöru til verslana í heimabyggð. Út af þeim vana bregð ég ekki og hvet bæjarbúa til þess enn og aftur.

Lítum okkur nær þegar rétt er um að efla þurfi verslun og þjónustu í Hafnarfirði. Meginkrafturinn í því verkefni byggist í okkur sjálfum, með því að snúa í enn meiri mæli en áður við kaup á vörum og þjónustu í heimabyggð. Með aukinni verslun sköpum við þannig möguleika á bættari menningu og mannlífi, sem er sameiginlegt markmið okkar allra. Sannid þið til, jólagjöfin og hátíðarmaturinn í ár fæst í Hafnarfirði.

# Regnbogabörn fá gamla lönnskólann

Hafnarfjarðarbær selur Vífilfelli gamla bókasafnið

Þann 28. nóvember sl. afhenti Hafnarfjarðarbær Vífilfelli gamla bókasafnið við Mjósund eftir að kaupsamningur var undirritaður fyrir utan húsnæðið.

Þorsteinn M. Jónsson forstjóri Vífilfells sem tók við lykklum af húsinu úr hendi Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra. Þorsteinn afhenti strax Stefáni Karli Stefánssyni lykklana sem þakkaði þann mikla stuðning sem verkefnið Regnbogabörn hefði notið.

Fram kom að Regnbogabörn verða með sína aðstöðu á efri hæð hússins þar sem lönnskólinn í Hafnarfirði var á sínum tíma. Þar verða viðtalsherbergi og lítill fyrirlestrasalur. Á neðri hæðinni verður starfrækt kaffi- og menningarhús fyrir unglinga í rekstri Hafnarfjarðarbæjar.



Nokkur fjöldi fylgdist með undirritun kaupsamnings hússins en hér má sjá Þorstein M. Jónsson forstjóra Vífilfells afhenda Stefáni Karli lykklavöldin að húsinu

Hafnarfjarðarbær áætlar að verja 10 millj. kr. í rekstur hússins á næsta ári.

Félagið Regnbogabörn var formlega stofnað 16. nóvember sl. við hátíðlega athöfn í Þjóðleikhúsinu. Þar var kosin 7 manna stjórn og hefur stjórnin nú kjörð Stefán Karl Stefánsson leikara, formann samtakanna

Nú hafa yfir 200 manns gerst stofnfélagar í Regnbogabörnum. Skráning stendur enn yfir í síma 575 1550 og á vefsetri félagsins regnbogaborn.is.



Þessum ungu mönnum úr Lækjarskóla leist vel á væntanlegt kaffi- og menningarhús



Stefán lét engan tíma ónotaðan til að tala máli unglinganna



Powermake  
**jólaseriur**  
**30% afsláttur**  
fram yfir helgi  
Opið til kl. 18 á sunnudag



**RAFMAETTI**  
sími 555 2000



Fjarðargötu 13-15  
-miðbæ Hafnarfjarðar

**Jólalegt í gluggum**

Það verður æ jólalegra um að líta í bænum. Verslanir skreyta glugga sína og tilvalið væri að efna til samkeppni um skemmtilegustu jóla-skreytinguna.

Sendið inn tilnefningar á ritstjorn@fjardarposturinn.is

**Kjöreign ehf.**  
Sími 533 4040  
www.kjoreign.is  
Árnóla 21, Reykjavík  
Dan V.S. Wilum hel.,  
lög, fasteignasali.

Krosseyrarvegur, Sérhæð í hjarta Hafnarfjarðar

Í nýja íbúð fyrir jólin!

Mikið endurnýjuð 3ja herb. neðri sérhæð í tvíbýli. Nýtt eldhús, eikarparket, allt nýtt á baðherbergi. Mjög góð staðsetning í lokaðri botnlangagötu. Laus strax.  
Verð: 9,8 millj. nr. 2381

## Firmaskrá fyrir Hafnarfjörð



Ester, Guðmundur Fannar og Ragnar Örn heimstækja um þessar mundir fyrirtæki í Hafnarfirði.

Upplýsingamiðstöð Íslands í samvinnu við Firmaskrá Íslands, sem rekur www.firmaskra.is, vinnur nú að gerð firmaskrár fyrir Hafnarfjörð sem fyrirhugað er að gefa út í handbókarformi þar sem ætlunin er að verði upplýsingar um öll fyrirtæki í Hafnarfirði. Guðmundur Fannar Kristjánsson, Ragnar Örn Ottósson og Ester Magnúsdóttur sjá um að taka saman efni í bókina, en henni verður dreift á öll fyrirtæki í Hafnarfirði. Þau munu hafa samband við flest, ef ekki öll fyrirtæki í Hafnarfirði til að falast eftir upplýsingum um fyrirtækin, starfsemi þeirra og helstu starfsmenn svo eitthvað sé upptalið. Að sögn þremmenninganna er framtaki þessu vel tekið og greinilega mikill áhugi hjá þeim sem rætt hefur verið.

Skilningur þeirra sem sinna atvinnu- og þróunarmálum í Hafnarfirði skiptir líka miklu ekki síst þar sem þetta er trúlega fyrsta ítarlega firmaskráin sem gefin er út í Hafnarfirði, a.m.k. á þessari öld. Ætlunin er að ná að ljúka þessu verki á fyrsta fjórð-

ungi ársins 2003 og koma bókinni í dreifingu.

Bókin verður í þremur megin köflum, fremst verður skrá yfir fyrirtæki í stafrófsröð, í miðkaflanum verða þau í göturöð og þriðji kaflinn verður þjónustuskrá. Mikill vinna hefur verið lögð í undirbúning til að tryggja sem best að tímaáætlanir standist.

Það sem kemur einna helst á óvart er hve margir hafa af eigin frumkvæði farið inn á vefinn okkar, www.firmaskra.is og sent inn leiðrétta upplýsingar og viðbætur við það sem fyrir er. Þetta er fyrirtækjum mjög í hag því réttari sem upplýsingarnar eru, því betur þjónar vefurinn fyrirtækjunum en hann er mikið notaður, sinnir um 100.000 fyrirspurnum á mánuði.

Forsvarsmenn Firmaskrár Íslands hvetja alla þá sem ekki hafa flett sínum fyrirtækjum upp að gera það og þar sem áhugi er á að koma á framfæri leiðréttingum eða meiri upplýsingum er bent á að þær má senda inn á fax 511 4901 eða á: firmaskra@firmaskra.is.

**Fjarðarpósturinn**  
eina hafnirka vikublaðið

## Nýr geisladiskur

Ég elska þig



Alda Ingibergsdóttir er fædd og uppalin í Hafnarfirði. Hún lauk Einsöngvarprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 1994 undir leiðsögn Dóru Reynhald og Ólafs Vignis Albertssonar. Sama ár hóf Alda framhaldsnám við Trinity College of Music í London, þar sem aðalkennari hennar var Teresa Cahill og lauk hún þaðan Fellowship Diploma 1996.

Á disknum eru m.a. lög eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson sem ekki hafa komið út áður á geisladiski, lög eftir Jón Ásgeirsson, Jón Þórarinnsson, Ragnar H. Ragnar, Þórarinn Jónsson og Sigfús Halldórsson. Alda syngur einnig léttar aríur og má þar nefna Vilju-ljóðið, Sommertime, Il Bacio, Mein Herr Marquis og Glitter and Be Gay. Píanóleikari er Ólafur Vignir Albertsson. Upptökur fóru fram í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði og upptökur annaðist Halldór Víkingsson. Edda-miðlun dreifir disknum.

## Hafnirsk örlagasaga



Almenna bókafélagið hefur gefið út bókina Tvístími – saga Svanhildar Egilsdóttur. Höfundurinn er Hafnirringurinn Guðrún Egilson. Bókin er mikill fengur fyrir þá, sem hafa áhuga á sögu Hafnarfjarðar því hún fjallar um ævintýrlegt lífshlaup sem hófst í fjörunni og hraunbollunum í Firðinum fáum árum eftir að bærinn öðlaðist kaupstaðaréttindi í byrjun síðustu aldar. Upphafið er árið 1914, en þá fæddust hjónunum Þórunni Einarsdóttur og Agli Halldóri Guðmundssyni tvíburadætur, Nanna og Svanhvít. Að þeim systur standa þekktar ættir og fjölskyldur í Hafnarfirði. Í bókinni er fyrst og fremst rakin saga Svanhvítar sem náð hefur einna lengst íslenskra tónlistarmanna á erlendum vettvangi. Bókin er 272 blaðsíður að stærð og prýða hana fjölmargar myndir, m.a. af mörgum Hafnirringum.



**Jólapakkinn með Hringdu í 535 8170**

**FedEx**  
Federal Express



© Hönnunarmiðstöðin 0212



**Nestlé ís 500 ml  
398 kr**



**298 kr**



**FJARÐARKAUP**

**...þér að góðu!**



# Dagskrá í Hafnarfirði

## Laugardagur 7. desember

- 11-18 Jólhandverksmarkaður og kókubasar í Firði  
13-17 Sala Björgunarsveitar Hafnarfjarðar á jólatrájum á Thorsplani.
- 13 Kveikt á jólatrénu við Flensborgarhöfnina  
Lúðrasveit Hafnarfjarðar  
Fulltrúi frá Cuxhaven, Werner Kretschmann, flytur kveðju og tendrar ljósin  
Sendiherra Þýskalands, Dr. Hendrik Dane, flytur kveðju  
Kvennakór Hafnarfjarðar syngur  
Eyjólfur Sæmundsson, formaður Hafnarstjórnar flytur ávarp  
Leikskólabörn frá Garðavöllum syngja  
Jólasveinar koma í heimsókn  
Kaffi á Kænunni
- 12-13.30 Jólagrafittí í portinu við Strandgötu 28
- 13-20.20 Syngjandi jóll, 22 kórar og sönghópar á tónleikum í Hafnarborg, alls um 800 flytjendur
- 14.30 Kveikt á jólatrénu frá Frederiksberg á Thorsplani  
Lúðrasveit Hafnarfjarðar  
Karlakórinn Prestir syngur  
Menningarfulltrúi danska sendiráðsins, Michael Dal, flytur kveðju og tendrar ljósin  
Forseti bæjarstjórnar, Jóna Dóra Karlsdóttir, flytur ávarp  
Séra Einar Eyjólfsson les hugvekju
- 15 Jólabball á Thorsplani, jólasveinar slást í hópinn
- 16 Kvikmyndasafn Íslands í Bæjarbíói: Mávahlátur eftir Ágúst Guðmundsson. Aðgangseyrir 500 kr.

## Sunnudagur 8. desember

- 13-17 Sala Björgunarsveitar Hafnarfjarðar á jólatrájum á Thorsplani
- 14 Sparisjóður Hafnarfjarðar 100 ára:  
Afmælisveisla í Kaplakrika.  
Sjá auglýsingu á bls. 5
- 20 Aðventuhátíð í Fríkirkjunni
- 20 Desembertónleikar í Víðistaðakirkju  
Karlakórinn Prestir  
Lúðrasveit Hafnarfjarðar  
Sigurður Skagfjörð  
Kór Eldri Prasta  
miðaverð kr.1500

© Fjardarposturinn 02/2

## Gangstéttavinna í desember



## 24 ára í bæjarstjórn



Ljóm.: Guðni Glásson

Ingimar Ingimarsson 24 ára fulltrúi Samfylkingarinnar sat hluta bæjarstjórnarfundar á meðan Gunnar Svavarsson brá sér á hverfisfund í Hvaleyrarskóla.

Aðspurður sagði Ingimar þetta kannsi ekki mest spennandi fundinn að sitja en lítið tækifæri gafst til annars en að hlusta á framlagningu fjárhagsáætlunar.

### Létt sveifla í Firði

Strákarnir í Lúðrasveit Tónlistarskólans spiluðu léttu sveiflu í Firði og seldu kökur til fjáröflunar.



Ljóm.: Guðni Glásson

# Systir Emilia kvödd

Hefur dvalið á Íslandi í 44 ár

Systir Emilia von Goethem er ein þeirra fórnfúsu systra sem dvalið hefur í klaustrum hér á landi. Hún er frá Belgíu og fór fyrst til Færeyja. Þaðan fór hún til Íslands og dvaldi í Stykkishólmi í 32 ár.

Starfaði hún lengst af við umönnun geðsjúklinga sem sendir höfðu verið þangað frá Kleppi. Hún var mest ein sem var alls ekki létt því þetta voru yfirleitt erfiðir sjúklingar. Frá Stykkishólmi kom hún til Hafnarfjarðar og var um tíma priorinna en hefur lengst af séð um kirkjuna.

Hún heldur nú heim á leið og sagði að Ísland væri í hennar huga förðurland sitt þar sem hún hefði dvalið lengur á Íslandi en í Belgíu. Hún sagði mjög gott og gefandi að hafa



Ljóm.: Guðni Glásson

verið hér og þakkaði öllum fyrir samstarfið og sagði að það sem hún hefði sagt vitlaust á íslensku

Systir Emilia dvaldi um 12 ár hér í Hafnarfirði.



# ÚTBOÐ

Eftirtalið útboð er til sýnis og sölu á skrifstofum  
Hitaveitu Suðurnesja hf, Brekkustíg 36,  
Reykjanesbæ og Hverfisgötu 29, Hafnarfirði  
frá og með þriðjudeginum 10. desember 2002.

### F0801002 Bæjarhraun 14, Hafnarfirði, frágangur innanhúss

Um er ræða breytingar og frágangur innanhúss sem utan í nýrri starfsstöð Hitaveitu Suðurnesja hf að Bæjarhrauni 14 Hafnarfirði. Starfsstöðin er á 1. hæð hússins sem er 720 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Helstu verkþættir eru rif og brot á veggjum og loftum, breytingar á eldri gluggum, smíði og uppsetning nýrra glugga, smíði milliveggja og lofta, uppsetning kerfislofta, frágangur gólfa, málnun veggja og lofta og smíði og uppsetning innréttinga. Ennfremur endurnýjun og frágangur hita-, hreinlætis- og raflagna.

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 28. mars 2003.

### Bjóðendum er boðið til vettvangsskoðunar föstudaginn 13. desember 2002 kl. 13.00.

Opnun fer fram föstudaginn 20. desember 2002 á skrifstofu Hitaveitu Suðurnesja hf, Brekkustíg 26, Reykjanesbæ kl. 15.00.

Gögn verða seld á kr. 4.980,- m/VSK.

## Hitaveita Suðurnesja hf

Brekkustíg 36, 260 Njarðvík, Reykjanesbæ  
Sími: 422 5200, breffasími: 421 4727



## Ráðleggingar til þeirra hvernig helst megji spara í tilkostnaði

Stríðið kosta mikið má, margir verða að spara þá af matnum sem að börnin borða, best er að kaupa dót til morða.

Sprengjum heiðna hendum á, hressist Kanasálin þá. Aldnir sem hér ekkert gera albest er hjá þeim að skera.

Lyfin sem að sjúkir fá sjálfsagt niður skera má. Og þeir sem lifa alltof lengi, lækna að því hyski þrengi.

Smjörð sem allir af feitir verða óhætt væri það að skerða. Þá byssur margar kaupa má, minnka kennslu börnum hjá.

Þá víkinganna veglegt lið veður fram að kristnum sið. En vandamálið sem hrellir hér hvar óvinurinn mikli er.

Pétur G. Kristbergsson

## Vill bílastæðahús í miðbæ

Þröstur Auðunsson formaður miðbæjarnefndar leggur til að skoðað verði hvort reiturinn fyrir aftan og við hlið Venusarhússins gæti hentað undir bílastæðahús, þó þannig að neðsta hæð sem snýr að Strandgötu verði verslunar- og þjónusturými.

Hann telur mögulegt að grafa húsið niður um 1/2 hæð og byggja tvær hæðir þar ofan þannig að bílastæðahúsið væri samtals þrjár hæðir. Aðkoma að húsinu gæti verið bæði frá Strandgötu og Austurgötu. Telur hann að þessi bílastæði myndu þjóna vestari hluta miðbæjarins og bæta úr brýnni bílastæðapörf Fríkirkjunnar.

Það er tillaga Þ.A. að annars vegar verði skoðaður eignarréttur á þessari lóð og hins vegar að nefndin kynni sér kostnað við slíka framkvæmd og leiti upplýsinga hjá fulltrúa Reykjavíkurborgar sem hafa staðið í sambærilegum framkvæmdum. Umsjón með þessum athugunum hafi sviðsstjóri atvinnu- og þróunarsviðs Anna Sigurborg Ólafsdóttir.

Telur Þröstur að þessi leið sé mun hagkvæmari kostur en niðurgrafnar bílageymslur og jafnframt mun meira aðlaðandi fyrir þá sem nýta sér þjónustuna.

**FJARDAR**  
posturinn

Jólahandbók með blaðinu 12. desember.

Jólablað 19. desember

Fréttasíminn er 565 4513

## Þorbjarnarstaðir

Leitað eftir upplýsingum

Ómar Smári Ármannsson er óþreytandi við að kanna umhverfi okkar og skrá niður upplýsingar. Hér að neðan er teikning sem Ómar hefur gert. Hann óskar eftir liðsinni lesenda Fjarðarpóstisins:

Ef einhver þekkir til á og við Þorbjarnarstaði í Hraunum væri gaman að heyra frá honum. Við bæinn eiga að vera a.m.k. tveir nafngreindir skútar; Gránuskúti og Kápuhelliur auk fleiri skúta og hella, sem ekki hafa verið staðsettir af nákvæmni. Þá þarf að reyna að sannreyna önnur

mannvirki og tóttir, sem enn sjást.

Þorbjarnarstaðir eru í eigu Hafnarfjarðarbæjar, en útländ bæjarins er nú í eigu Ísals. Fyrirtækið keypti það af Skógrækt ríkisins fyrir u.þ.b. ári síðan. Mikilvægt er að vernda núverandi minjar sem og nánasta umhverfi bæjarins því Þorbjarnarstaðir eru að öllum líkindum eini greinanlegi bærinn af gömlu gerðinni, sem enn er til í landi Hafnarfjarðar.

Ómar næst í síma 565 1158.



## Úr leiðarlýsingu FERLIRs

Þegar komið er að Þorbjarnarstöðum frá gamla Keflavíkurveginum er fyrst komið að Þorbjarnarstaðaréttinni, sem mun hafa verið allfjörug á meðan var. Réttin stendur vel heilleg austan undir hraunhól. Byrjað var á því að ganga austan með hleðslugarði bæjarins, en heimatúnið er girt hringinn með slíkum garði – reyndar tvöföldum. Sunnan undir hraunhól skammt sunnar er tótt og gerði framan og til hliðar við hana. Skammt sunnan þess er önnur heilleg tótt og hlaðinn garður sunnan hennar. Þar virðist hafa verið um matjurtgarð að ræða. Vestan garðsins er gamalt gerði og tótt sunnan í því. Framundan er Tjörninn. Í henni gættir sjávarfalla, en tjörnir er ekki síst merkileg vegna þess að ferkst vatn kemur í hana undan hrauninu þegar fjarar út. Suðvestast í henni eru mannvirki

– hlaðinn bryggja út í tjörnina. Ef vel er að gáð má einnig sjá hlaðna brú út í hólma, sem þarna er og aðra hlaðna bryggju frá honum út í tjörnina. Í hólmanum mótast fyrir tótt. Þarna var m.a. ullin þvegin sem og annar fatnaður á árum fyrrum.

Stígur liggur frá aðstöðunni við tjörnina upp á heimtröðina. Þegar honum er fylgt sést skeifulaga lægð á vinstri hönd. Í henni er skúti. Á hægri hönd er hringlaga lægð. Í henni er einnig skúti. Tótt er vestan við lægðina. Efsti hluti heimtraðarinnar er hlaðinn beggja vegna. Þegar komið er að bæjarhúsunum má sjá tveggja rýma hús á vinstri hönd og fjölrýma hús á þá hægri. Þetta voru bæjarhúsin á Þorbjarnarstöðum. Stutt er síðan þakið féll af syðri húsunum. Greinilegt er að trébiljað hefur verið að framan á nyrðri húsunum og er falletur gangur þar framan við. Vestan og sunnan við bæinn er hlaðinn garður. Frá

## SH tapaði fyrir ÍRB í sundi

Bæjarmót milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar

Síðastliðinn laugardag var haldið bæjarmót í Sundhöll Hafnarfjarðar. Bæjarmótið er nýtt mót en það er keppni milli B og C liða Sundfélags Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Reykjanesbæjar. Þetta mót inniheldur sömu greinar og Bikarkeppni SSÍ og er stigagjöfin sú sama.

Úrslit voru eftirfarandi:  
B-lið ÍRB 16.745 stig  
B-lið SH 15.976 stig

C-lið ÍRB 11.529 stig  
C-lið SH 10.624 stig  
Samkvæmt þessum úrslitum þá hefði B-liðin orðið í 5. og 6. sæti í 2. deild Bikarkeppni SSÍ og C-liðin í 9. og 10. sæti sem er ofar en A-lið sumra félaga.

Næstkomandi fimmtudag fara 4 sundmenn til keppni á Norðurlandameistaramóti unglunga en þjálfari hópsins er Þuríður Einarsdóttir sem er þjálfari hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar en í þetta sinn fer enginn sundmaður frá félaginu.

Næstkomandi mánudag fara 8 sundmenn til Riesa í Þýskalandi að keppa á Evrópumeistaramóti í 25 m laug. Þar á meðal eru tveir sundmenn frá Sundfélagi Hafnarfjarðar, Anja Ríkey Jakobsdóttir og Heiðar Ingi Marínósson en keppnin hefst 12. desember og stendur til 15. desember.

Hægt verður að fylgjast með úrslitum frá báðum þessum mótum á heimasíðu SSÍ [www.swim.is/ssi](http://www.swim.is/ssi)

## Minnismerki um fyrstu lúthersku kirkjuna

5-6 metra minnisvarði reistur á Háagranda

Fyrsta lútherska kirkjan á Íslandi var reist þar sem hét Háigrandi, gegnt Óseyri, rétt við smábátahöfnina að öllum líkindum árið 1537 en menn eru ekki á einu máli um þá tíma-setningu. Þjóðverjar sem búsettir voru í bænum létu reisa hana fyrir sig og sitt fólk enda allir mótmælendur.

Nú tæpum 400 árum eftir að vígi þýskra kaupmanna í Hafnarfirði féll er ætlunin að setja upp minnismerki, 5-6 metra steinboga, á svipuðum slóðum og kirkjan er talin hafa verið.

Sendiherra Þjóðverja á Íslandi, Hendrik Dane, afhenti Lúðvík Geirssyni bæjarstjóra líkan af minnismerkinu nú fyrir helgi.

Þessi kirkjubýgging var fyrir margt einstök, reist rúmum áratugum áður en Íslendingar tóku upp lútherstrú. Hún var að öllum líkindum rifin á sama tíma og önnur hús þýsku verslunarinnar, samkvæmt tilskipun frá Kristján IV Danakonungi, árið 1608.

Þetta kemur fram á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

bænum sést Miðmundarvarða á Miðmundarhól vel, falletta hlaðinn á sprungubarmi.

Tótt er syðst á túninu. Þegar komið var yfir suðurveggina sást móta fyrir gamalli hleðslu neðan ytri veggjarins skammt austar. Vestan við hleðsluna er laut og sunnan hennar fótur af gamalli vörðu. Norðan hennar liðast Alfaraleiðin gamla úr vestri til austurs. Alfaraleiðin var aðalgatan út á Útnesin. Önnur varða sést við götuna skammt vestar.

Beint framundan til suðurs sjást hraunbakkar. Undir þeim er gömul hlaðin rétt. Inni í henni er

hlaðinn dilkur og tveir aðrir vestan í henni. Réttin stendur enn mjög vel, enda hefur hún upphaflega verið vel gerð.

Þegar gengið er norður með vestanverðum heimatúnsgarðinum sést vel hversu mikið mannvirki hann hefur verið. Við norðvesturhorn hans er nokkurs konar dalur í hrauninu. Þar gæti hafa verið nátthagi. Innan og norðanundir garðinum er minni dalur. Innst í honum er skúti. Vestan við hraunhólinn, sem myndar dalinn, er enn ein tóttin.

Gangan tók u.þ.b. klukkustund.

Þeir Eirlandur Sveinsson kvikmyndagerðarmaður og Ólafur Ragnarsson voru kampakátir á sýningu Kvikmyndasafnsins í Bæjarbíói á laugardag.

## Tveir í bíói



# Eldhressar Gildis-konur

Hafa hist í 40 ár

Innan St. Georgsgildisins í Hafnarfirði eru starfandi fjölmargir skátar og velunnarar skátastarfs. Þar myndaðist fljótlega saumaklúbbur og um daginn fagnaði hann 40 ára afmæli. Konurnar í saumaklúbbnum hittast reglulega einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Það fer ekki

mikið fyrir saumskapnum en áður fyrr var tekið til hendinni við handavinnuna og m.a. voru þær með basar til að afla fé til skálabygginar gildisins við Hvaleyrarvatn og kom dagnaður þeirra sér vel þar.

Blaðamanni Fjarðarpóstsins var boðið í heimsókn í tilefni

afmælisins og var kátt á hjalla enda eru þetta eldhressar stelpur upp til hópa. Þær litu stoltar yfir farinn veg enda höfðu þær lagt af mörkum drjúga vinnu til uppbyggingar starfi St. Georgsgildisins og skátastarfs í Hafnarfirði.



Föngulegur hópurinn í stofunni hjá Önnu Strange á Prastarhrauninu.

**Hafnafirðingar!**

**Verslum í heimabyggð**

**Verslun í heimabyggð tryggir atvinnu**



**VERSLUNARMANNAFÉLAG  
HAFNARFJARÐAR**

**Seldu hann úr bænum!**

Helgi í Góu skilur ekki alltaf aðgerðir yfirvalda



Helgi Vilhjálmsson í Góu stendur í stórræðum um þessar mundir. Hann er með á teikni-borðinu um 6000 m<sup>2</sup> verk-smiðjubygginu og mun flytja starfsemi Góu-Lindu þangað ásamt lakkrísgerðinni Drift sem hann keypti fyrir skömmu.

Hann keypti lóðina af Hafnar-fjarðarbæ sem væri ekki í frásögur færandi væri lóðin ekki í Garðabæ. Eftir að hann sótti um lóðina fyrir rúmum 5 árum var hún auglýst með stórri auglýsingu í Mbl. eins og myndin hér

beina vegi og nefndi nýja veltengingu við Áslandið sem dæmi. Bæjaryfirvöld hefðu ekki verið nægilega vakandi og hefðu ekki verið með nægilegt framboð af lóðum þegar eftirsturnin hefði verið sem mest. Hann nefndi líka lækku skatta á fyrirtækjum sem hann sagði skipta fyrirtækin litlu og nær hefði verið að lækka skatta launþega.

.. sagði Helgi í órstuttu spjalli við Fjarðarpóstinn á dögunum.



## Tískusýning hjá Anas

Pell og Purpuri auk fleiri sýndi glæsilega fatahönnun sína á tískusýningu hjá Anas sl. föstudag. Fjölmargir fylgdust með enda sýningin hin glæsilegasta og skemmtu menn sér vel. Kannski það verði síður í desember að gifta sig í rauðu eins og sjá má á einum brúðarkjólanna



Ljóm.: Guðni Gíslason



**Jólatilboð á ljósakortum!**



**nýjar  
petur  
Stjörnusól**

Fjarðargötu 17 - Sími 555 7272



**Handverksmarkaður**  
á laugardag kl. 11-16 *Lítu við!*





# Jólabljósin tendruð í Hafnarfirði laugardaginn 7. desember

## Flensborgarhöfn kl. 13

Jólatréð er gjöf frá vinabænum Cuxhaven

Lúðrasveit Hafnarfjarðar

**Werner Kretschmann** frá Cuxhaven flytur kveðju og tendrar ljósín

Sendiherra Þjóðverja, **Dr. Hendrik Dane** flytur kveðju

Kvennakór Hafnarfjarðar syngur

Formaður Hafnarstjórnar, **Eyjólfur Sæmundsson** flytur ávarp

Leikskólabörn frá Garðavöllum syngja

Jólasveinar líta við

Kakó á Kænunni



## Thorsplan kl. 14.30

Jólatréð er gjöf frá vinabænum Frederiksberg

Lúðrasveit Hafnarfjarðar


Karлакórinn Þrestir syngja

Menningarfulltrúi danska sendiráðsins, **Michael Dal** flytur kveðju og tendrar ljósín

Forseti bæjarstjórnar, **Jóna Dóra Karlsdóttir** flytur ávarp

Séra **Einar Eyjólfsson** les hugvekju

Jólaball á Thorsplani, jólasveinar koma í heimsókn



## Smáauglýsingar

**Jólasveinn**  
Gluggagægir og stúfur. Mætum í heimahús og verslanir. Uppl. í s. 865 9711.

**Hurðaskellir og Giljagaur**  
Okkur langar til að hitta marga krakka og fara í heimahús, jólaböll, fyrirtæki og fleira. Uppl. gefur umboðsmaður okkar, Þórður s. 821 8757.

**Jólasveinar**  
Ég er jólasveinninn ketkrókur. Ég get komið og glatt börnin og jafnvel haft einn eða tvo bræður mína með. Vinur minn tekur við pönt. Í s. 899 5075 eða á mikkivefur@mikkivefur.is

**Óskast**  
Listmálari óskar eftir vinnustofu í Hafnarfirði til langs tíma. Aðeins ódyrt (c.a. 5000) kemur til greina. Einnig kemur til greina að deila vinnustofu með öðrum listamönnum til að lækka leigu. Þorsteinn s. 820 0704.

**Gefins kisu**  
Við erum tvær tæplega 3 ára kisu sem óskum eftir nýjum göðum eigendum vegna flutnings, erum hreinlegar, barngóðar, kassavanan og mjög kelnar. Uppl. í s. 863 3076.

**Vantar upplýsingar**  
2 hjól hurfu í haust, dókkgrátt sanser-að fjallahjól með bláu barnasæti og nýtt silfráð „prostyle“ krakkahjól. Ef einhver veit hvar þau er að finna værum við glöð að fá hringingu í s. 555 4568 og 822 4568.

**Til leigu**  
65 m² stúdíó íbúð í Hvömmunum. Laus 1. des. Uppl. í s. 698 1204 og 892 1546.

**Íbúð til leigu**  
2ja herb. íbúð til leigu á Álfaskeiði. Uppl. í s. 861 6807.

**Íbúð til leigu**  
Íbúð í Hvömmunum til leigu, ca. 60m². Uppl. í s. 565 1146 eða 893 1146.

**Íbúð óskast**  
Óskum eftir að leigja íbúð í Hafnarfirði 3 hb. eða stærri. Skilvísun og öruggum greiðslum heitið. Uppl. í síma 565-0093 / 894-6595.

**Óskast keypt**  
Óska eftir ungbarnagöngu. Uppl. í s. 899 00447.

**Eldhúsinnetting**  
Ágætis eldhúsinnetting fæst frítt gegn niðurrifri og flutningi. Einnig 1 árs eldavel með öllu á 25 þ. Uppl. í s. 893 9968, Hörður.

**Óskast**  
Vantar eldavel ódyrt eða gefins. S. 565 3025 eða 822 3710.

**Óskast skipt**  
Litil frystikista óskast í skiptum fyrir Siemens uppvottavél. Uppl. í s. 865 6958.

**Óskast**  
Óska eftir að kaupa Silver Cross dúkkuvagn í göðu standi. Uppl. í s. 565 1887 eða 861 8900.

**Óskast**  
Vill kaupa bókina "Húsin í kvosinni". Einnig gamlar Frank Zappa LP plötur. S. 822 3710.

**Til sölu**  
Pflaff íðnaðarsaumavél með klippum og þrekhjól til sölu. Einnig óskast garnafgangar gefins. Uppl. í s. 847 4684.

**Bækur til sölu**  
Öldin okkar 16 bækur, íslenski söguatlasinn 3 bækur og heimssöguatlas til sölu. Uppl. í s. 565 3592, 899 3592.

**Til sölu**  
Fataslá á hjólum og 2 tegundir af göðum herðatrijám (fyrir verslun). Uppl. í s. 555 1726.

**Til sölu**  
Sófasett 3-2-1 á 40 þ. selst einnig í hlutum. Uppl. í s. 462 2248.

**Pels til sölu**  
Svartur síður ekta pels ónotaður verð 140 þús. Uppl. í s. 565 0319.

**Til sölu**  
Playstation til sölu á kr. 5 þús. Hægt er að leika "copy-erada" leiki Uppl. í s. 899 9773

**Tvíburakerruvagn**  
Brio tvíburakerruvagn til sölu og 2 Britax bílstoðar notað eftir eina tvíburu. Selst allt á 15 þ. Uppl. í s. 555 3926.

**Til sölu**  
Emmaljunga barnavagn, sem er burðarrúm, vagn og kerra, í ágætu standi. Verð kr. 10 þ. Göngugrind getur fylgt með. Uppl. í s. 565 3359.

**Til sölu**  
2 stk silvercross barnavagnar. kr. 5 þ. og 7 þ. Tveir mjög góðir kerrupokar. nýkomnir úr hreinsun kr. 2 þ. annar og 500 hinn. 2 chicco barnastólar m/burðaröl hægt að rugga, dókkbláir m/myndum kr. 2 þ. stk. Uppl. í s. 565 1876 e. kl. 16 v. daga

**Antik til sölu**  
Tvær 30 ára gamlar barnakerrur með skerm og svuntu, önnur er Simo með hlífum yfir hjólum hin er Silver Cross. Bæðar mjög vel með farnar og öryðgar. Uppl. í s. 899 4708.

**Til sölu**  
Skápur (2m h. 1,2m b. 0,4m d.) og skenkur (0,9m h. 2m b. 0,6m d.), dókkt, úr Öndveggi. Selst á hálfvirði. Uppl. í s. 864 2049, 699 3653.

**Til sölu**  
Borðstofuborð og sex stólar. Uppl. í s. 554 2759.

**Til sölu**  
Fallgett og vel með farið eldhús-/borðstofuborð úr beyki ásamt 4 stólum í stíl með svörtum sessum. Selst á kr 20 þ. Einnig til sölu nýlegt og litið notað þrekhjól. Selst á kr 20 þ. Uppl. í s. 690 3312.

**Til sölu**  
Hjólavagn sem festist aftan á reiðhjól. Er með belt fyrir 2 börn, upp í 50 kg. Mjög góður fyrir íslenska veðráttu, skyflir börnunum vel um leið og þau sjá vel út. Uppl. í s. 868 3198 eftir kí 17.

**Til sölu**  
Borðstofuborð 90cm X 150 cm, glerborðplata situr á jærgrind en finlegir viðarborðfætur eru undir borðinu. Falleg hönnun, verð 20 þús. Uppl. í s. 868 3198 eftir kí 17.

**Til sölu**  
Strákhjól ónotað til sölu fyrir 7-9 ára. Einnig gönguþrelli úr sjónmark og bambubani. Uppl. í s. 895 3869 eftir kí 18

**Til sölu**  
Smart borðstofuborð úr kirsuberjavið, f. 10-12 m, fæst fyrir kr. 15 þús. Frábært borð fyrir jólin. Uppl. í s. 893 7505.

**Til sölu**  
Graco kerra og bílstoðs sett auk palls til að festa stólinn beint í bilinn, blátt að lit, keypt í Ameríku. selst á kr 13 þ. Á sama stað selst græn Emmaljunga kerra með skermi og svuntu, á kr. 7 þ. Þetta litur allt mjög vel út. Uppl. í s. 565 5092 og 699 5992 eftir kl. 16.30, Tinna

**Til sölu / óskast**  
Til eldhúsborð og stólar. Óska eftir sjónvarpsskáp úr versluninni Miru. Uppl. í s. 823 8737

**Til sölu**  
31" nagla dick cepek dekk og 4 stykki formetal álfelgur 6 gata. Búið að keyra dekkinn aðeins einn vetur. Uppl. í s. 565 8051 og 862 4673.

**Til sölu**  
Nýleg nagladekk til sölu, 175/70x13. Uppl. í s. 861 6807.

**Volvo til sölu**  
Gullmoli. Volvo 244DL, árg. '78 til sölu, ekin 102 þ. km. Uppl. í s. 861 6807.

**Til sölu**  
Ford Thunderbird 1984, 4 cyl-Turbo. Mikíð endurnýjaður. Einnig til sölu Opel Astra Caravan 1997. Bifalán 27000 á má. Uppl. í s. 893 6581.

**Óskast**  
Óska eftir að kaupa jeppa árgærd '98 eða yngri af Toyota, Isuzu Trooper eða Mitsubishi gerð í skiptum fyrir Ford Mondeo árg. '98 ekin 82 þ. km. Uppl. í s. 664 5624.

**Til sölu**  
Pajero 87. Nýtt hedd, bremsur, hjóla-egur. 33" dekk. Uppl. í s. 869 8156.

**Til sölu**  
Galant 89. Gullmoli. Verð 200 þ. Uppl. í s. 695 8156 eftir 18.

# Fríar smáauglýsingar

Fjarðarposturinn býður Hafnfirðingum fríar smáauglýsingar til áramóta. Sendið auglýsingarnar á [auglysingar@fjardarposturinn.is](mailto:auglysingar@fjardarposturinn.is) eða hringið í síma 565 3066. Hámark 25 orð. Aðeins til einstaklinga  
Fjarðarposturinn — hafnfirskur fyrir Hafnfirðinga — allsstaðar!

**GÓMSÆTAR KÖKUR**  
Tek að mér að baka fyrir afmæli, sumaklubba, veislur, fundi og fyrirtæki. Er með stórar og góðar kökur sem gera braðglaukana vitlausu.  
**Rósa • sími 697 6567**

**Ljóðabók - góðir dómar!**  
Í feður hafsins e. Jóhann Guðna fékk góða umsögn í Morgunblaðinu. Fæst í Fjarðarkaupum, Pennanum og Bókabúð Böðvars á 1.000 kr.

**Aukatekjur eða full vinna?**  
Þú ræður! Aðeins duglegt og jákvætt fólk kemur til greina. Miklar tekjur fyrir gott fólk. Sjálfstæð vinna. Internet. nauðsyn. [www.heilsufrettit.is/drifas](http://www.heilsufrettit.is/drifas)

**HERBALIFE**  
sjálfstæður dreifingaraðili  
Besta leiðin til að hafa stjörn á eigin þyngd.  
Aukin orka og velliðun  
**Hrönn sími 899 4124**  
Visa - Euro

**Loftnets uppsetningar**  
Viðgerðir og stillingar. Fagmenn.  
**Loftnet IJ ehf.**  
Sími 696 1991.

**Stíflupjónusta Geirs**  
Fjarlægir stíflur í frárennslislognum, wc, vöskum og baðkórur. Röramyndavél til að ástandskoða lagur.  
**KJARNABORUN**  
Uppl. í síma 565 3342 og 697 3933.

**HERBALIFE**  
sjálfstæður dreifingaraðili  
Allar vörur ávallt á lager.  
**Hanna Sími: 694-6940**  
Heimkeyrsla. Visa/Euro

**Meindýraeyðing**  
Við önnumst meindýraeyðingu fyrir Hafnarfirjörð, alhliða þjónusta.  
**Meindýraeyðing Hafnarfjarðar**  
Sími 822 3713, alltaf við.

**Óskast**  
Óska eftir að kaupa gamlan göðan hlaðbak. Verður að vera í lagi og skoðaður. Verð: 10-250 þús. Uppl. í s. 555 4568 og 822 4568.  
**Fólksbíl/Vélsleðakerra**  
Til sölu er 1 árs gömul yfirbyggð vélsleðakerra. Kerran er með sturtubúnaði og er á nýjum vetrardekkjum. Uppl. í s. 565 0361 og 823 2691.  
**Glæsilegur Rav4 til sölu**  
Skráður í mars 2002, framdrifinn, beinskíptur. Ýmsir aukahlutir: Álfelgur, spoiler, varadekkshlif, samlitur. Ekinn 17 þús. Upplýsingar í síma 693 3017 og 565 5517.  
**Til sölu**  
Geislaspilar í Opel '98 og yngri. Nánast ónotaður á 15 þ. kostar nýr rúm 40 þ. Uppl. í s. 820 0652 eftir kl.18.30.

# Lífeyrisþegar fá jólauppþót

Verkalýðsfélagið Hlíf skorar á stjórnvöld  
Stjórn Verkalýðsfélagsins Hlíf ar skorar á alþingismenn og ráðherra að sjá til þess að hverjum og einum elli- og örorku-lífeyrisþega, sem einungis hefur opinberan lífeyrir sér til framfærslu, verði send desember-greiðsla núna fyrir jólin. Upphæð greiðslunnar verði kr. 36.000 en það er sama upphæð og launafólk fær skv. almennum kjarasamningum. Áskorunina rökstyður fundurinn með því að benda þingmönnum á eigin laun og styrki.

**FJARDAR posturinn**  
Dreifing með Íslandspósti inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði.



**Skutlur, Litlir bílar, Milli bílar, Stórir bílar**  
**Sendibílastöð**  
**Hafnarfjarðar**  
Helluhrauni 4  
**Sími 555-1111**

## Skoðanakönnunin

Á að selja hlut bæjarins í Orkuveitu Reykjavíkur?

Já	35%
Tek ekki afstöðu	15%
Nei	50%

Aðstoð við alla þætti útfarar



Traust og persónuleg þjónusta  
**Útfararstofa Hafnarfjarðar**  
Flatahrauni 5a  
Sími 565 5892



**Pegar andlát ber að**

Við feðgar höfum séð um útfarir í Reykjavík og Hafnarfirði frá árinu 1990.

Bakvaktþjónusta um kvöld og helgar.  
**Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020.**

Rúnar Geirmundsson útfararstjóri  
Sigurður Rúnarsson útfararstjóri



**Útfararþjónustan ehf.**  
www.utfarir.is  
Stofnað 1990





# Húsaleigubætur

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um húsaleigubætur, nr. 4/1999 segir meðal annars: „Sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka. Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist sveitarfélagi eigi síðar en 15 dögum fyrir fyrsta dag útgreiðslumánaðar“.

Til þess að eiga rétt á húsaleigubótum 1. janúar 2003 þarf Félagsþjónustunni í Hafnarfirði að berast umsókn um húsaleigubætur fyrir 15. janúar 2003, ásamt skattframtali 2002.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði að Strandgötu 33, 2.hæð.

Forstöðumaður Félagsþjónustunnar.

## Deiliskipulag fyrir „Íbúðarhverfi í Norðubæ“

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 1. okt. s.l. að falla frá breytingu á deiliskipulaginu sem hefði falið í sér að heimild til að gera einbýlishús við Hraunbrún að fjöleignarhúsum með fjölgun íbúða.

## Deiliskipulag fyrir „Íbúðabyggð í Fjánhúsholti“

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 29. okt. s.l. að falla frá breytingu á deiliskipulaginu sem hefði falið í sér heimild til að reisa fjarskiptamastur á opnu svæði við Klukkuberg.



Þetta tilkynnist hér með.

Skipulagsstjóri Hafnarfjarðar

## Ályktun um hækkun áfengis- og tóbaksgjalda

Ungir jafnaðarmenn álykta efnahagsmál

Ungir jafnaðarmenn í Hafnarfirði mótmæla harðlega hækkun á áfengis- og tóbaksgjaldi, sem þingmenn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstrihreyfingarinnar grænt framboð samþykktu nýlega.

Með hækkun áfengis- og tóbaksgjalds eru þingmenn þessara flokka að auka álögur á almennung um 2,7 milljarða króna. Beinn tekjuauki ríkissjóðs af gjaldhækkuninni verður um 1,1 milljarður á ári, en þar að auki mun hækkunin leiða til 0,3% hækkunar á vísitölu neysliverðs og í kjölfarið munu afborganir almennings af verðtrygðum lánunum hækka um tæpa tvo milljarða.

UJH benda ríkisstjórninni frekar á að fara leið hagræðingar og niðurskurðar í ríkisrekstri svo hægt verði að lækka skatta á almennung í stað þess að hækka þá. Miðað við skuldastöðu heimilanna í landinu er skatta-

lækkun á almennung nauðsynleg. UJH styður skattalækkunir á fyrirtæki, en þær á ekki að fjármagna með hækkun skatta á einstaklingana í landinu.

UJH vilja draga úr umsvifum ríkisins svo hægt verði að framkvæma nauðsynlega lækkun skatta á einstaklinga og leggja m.a. til eftirfarandi:

1. Áherslum Byggingastofnunar verði breytt.
2. Að dregið verði úr framlögum til sjóða í þágu landbúnaðarins.
3. Fækkun sendiráða.
4. Að hagrætt verði í heilbrigðiskerfinu. T.d. verði komið í veg fyrir sjálftöku sjálfstætt starfandi sérfræðinga og útgjöld til lyfjakaupa verði endurskoðuð.
5. Að dregið verði úr framlögum ríkissjóðs til þjóðkirkjunnar.
6. Að reglur um utanlandsferðir á vegum ráðuneyta og undirstofnana verði endurskoðaðar.

## Norðurljós á vesturhimni

Norðurljós hafa verið all áberandi nokkur kvöld undanfarið og það sem hefur verið sérstakt við það að þau hafa sést vel á vesturhimni.

Litern: Guðni Gíslason



## Fréttabrot

### Upplestur og jass á Súfistanum

Vegna margra áskoranna ætla Súfistinn að standa fyrir bóka- og skemmtikvöldi í Hafnarfirði. Miðvikudaginn 11. desember nk. Aðstaður eru reyndar ekki vel góðar í Súfistanum til slíkra hluta að sögn Birgis Finnbogasonar en hann ætlar samt að hafa eitt gott kvöld.

Birgir segir skemmtilegt við þetta kvöld að allir rithöfundarnir eru fyrrverandi nemendur hans úr Lækjarskóla.

Glæpa- og spennusagnahöfundarnir Ævar Örn Jósefsson og Páll Kristinn Pálsson les úr verkum sínum. Steindór J. Erlingsson höfundur bókanna „Genin okkar“ verður einnig með kynningu á þessari margumtöluðu bók.

Auk þessara listamanna kemur einnig djassarinn góðkenni Tómas R. Einarsson með sexmanna hljómsveit sína og leikur lög af nýútkomnum diskum sínum „Kúbanska“. Kynnir kvöldsins er Brynhildur Björnsdóttir kynningarfulltrúi Eddu miðlunar og hefst dagskráin kl. 21.

## Vilja slíta vinabæjar tengslum

Fundur Ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði, haldinn 1. desember, skorar á bæjarstjórn Hafnarfjarðar að slíta vinabæjartengslum Hafnarfjarðar við kínversku borgina Baoding hið fyrsta.

A undanförunum árum hefur reglulega verið fjallað um ástand mannréttindamála í Baoding í skýrslum Amnesty International. Þar er m.a. greint frá opinberum aftökum, trúarofsóknum og pyntingum sem yfirvöld í Baoding bera ábyrgð á.

Með tilliti til mannréttisráðgjafarinnar telja Ungir jafnaðarmenn ekki réttlætunlegt að hafnirsk bæjaryfirvöld standi í sérstökum vinatengslum við einræðisstjórnvöld sem brjóta svo klárlega á mannréttindum borgara sinna.

## Hugleiðing um kosningasvindl íhaldsins

Íhaldið einn hefur síð, heilagt er að græða. Allt reynir þetta rumpulið refilistigu að þræða.

Pétur G. Kristbergsson

## Búslóðaflutningar

Tek að mér alla almenna flutninga



Benni Ben. - 893 2190

## Afgreiðslutími verslana til jóla

Laugardagur	7. desember	10-18
Sunnudagur	8. desember	13-18
Laugardagur	14. desember	10-18
Sunnudagur	15. desember	13-18
Mánudagur	16. desember	10-22
Þriðjudagur	17. desember	10-22
Miðvikudagur	18. desember	10-22
Fimmtudagur	19. desember	10-22
Föstudagur	20. desember	10-22
Laugardagur	21. desember	10-22
Sunnudagur	22. desember	10-22
Mánudagur	23. desember	10-23
Þriðjudagur	24. desember	10-13

Þetta er almennur opnunartími flestra verslana í Firði og á Strandgötu. Opnunartími getur þó verið breytilegur eftir verslunum.



Bláðið sem flytur þér fréttirnar

## ÞVOTTAHÚSIÐ

### Fatahreinsun

JAKKAFÖT .....	1.200.-
HEIMILISÞVOTTUR .....	3.100.-
SKYRTUR .....	320.-
KÁPUR .....	1.060.-
GARDÍNUR .....	600.- Kr./kg

ÞVOUM OG HREINSUM ALLAN FATNAÐ GLUGGATJÖLD OG MARGT FLEIRA

HRAUNBRÚN 40 HAFNARFIRÐI  
SÍMI 555 1368

ALLT Á HREINU SÍÐAN 1965



**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA  
**520 7500**

Bæjarhrauni 10 • Fax 520 7501  
hraunhamar@hraunhamar.is

*Við kynnum  
að meta  
eignina þína!*



**Aðalskoðun hf.**  
Helluhrauni 4  
sími: 555 33 55



**HAUKAR**  
Frir aðgangur á Ásvöllum fyrir  
eldri borgara og öryrkja

# Ljósi friðar haldið við í Hafnarfirði

Skátar tendra friðarljós frá Betlehem um land allt, annað árið í röð

Friðarljósið frá Betlehem hefur logað um aldir í kirkju sem reist var yfir fæðingarelli Krists árið 300 eða frá því friðarljósið fengið frá Danmörku

og sigldi Eimskip með það hingað til lands þar sem skátar og St. Georgsskátar tóku við því og komu því m.a. í kirkjur landsins.



Ljóm.: Guðni Gleason



Forseti Íslands var viðstaddur athöfnina og fékk logann frá ungum skáta.

sunnudag tóku ungir skátar við ljósinu á ný og dreifðu til kirkjugesta og einnig var tendrað á olíuluktum til að dreifa ljósinu um landið.

Skátar í Austurríki hafa um langt skeið sótt logann til Betlehem og dreift honum víða um heim. Á síðasta ári var friðarljósið fengið frá Danmörku

Frá síðustu jólum hefur loginn logað í St. Jósefskirkju hér í bæ og hefur Ásgeir Kr. Sörensen séð um að halda loganum við allt síðasta ár. Í messu í kirkjunni sl.



Enginn veit hvað býr í huga ungra krakka sem horfa í friðarlogann en víst er að þau munu móta framtíðina og því mikilvægt að þau upplifi friðarboðskapinn sem víðast.

## Sýnt í Bæjarbíói

Dræm þátttaka á fyrstu sýningu

Kvikmyndasafn Íslands sýndi á laugardaginn kvikmynd Er-lendar Sveinssonar, „Málarinn og sálmurinn hans um litinn“. Það var fremur fátt á þessari fyrstu sýningu en á laugar-daginn verður kvikmyndin

Mávahlátur sýnd og í upphafi verða sýnd myndbrot úr Hafn-arfirði. Ný lög taka gildi um Kvikmyndasafnið um áramót og enn óvíst um starfsemina en safnið flyst í húsnæði Fisk-vinnsluskólans.



Ljóm.: Guðni Gleason



**Kaupum húsbréf**  
sph  
SPARISJÓÐUR  
HAFNARFJARÐAR  
Sími: 550 2000 | www.sph.is



**Teitur Jónasson ehf**  
hópferðabílar  
9 – 69 manna bílar  
með öryggisbelti í öllum setum  
**515 2700**



**Bökunartilboð!**  
**RAFBÚÐIN**  
Álfaskeiði 31  
sími 555 3020



**Embla**  
Strandgötu  
Verslun fyrir konur og börn  
Gæði í hverju klæði



**50% afsláttur** í desember  
þegar þú sækir pizzu á listaverði fyrir kl. 18 alla daga!  
pantanasími **565 2525**